	Seltjarnarnesbær Bæjarskrifstofur
Brnr.:	2229
Mótt.:	16/2 2004
Málsnr.:	2004020039



MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Bæjarstjórn Seltjarnarness
Jónmundur Guðmarsson, bæjarstjóri
Austurstörnd 2
170 SELTJARNARNESI

Sölvhólgötu 4, 150 Reykjavík
sími: 545 9500, bréfasími: 562 3068
postur@mrn.stjr.is
www.menntamalaraduneyti.is

Reykjavík 16. febrúar 2004
Tilvísun: MMR04010866/8.10/VÁ/--

Hjálagt sendist bæjarstjórn Seltjarnarness meðfylgjandi svarbréf menntamálaráðuneytisins til formanns foreldraráðs Mýrarhúsaskóla, vegna óskar foreldraráðsins um úrskurð ráðuneytisins um valdsvið foreldraráða í grunnskóla.

F.h.r.

Valur Árnason



MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgrötu 4 150 Reykjavík
sími: 545 9500 bréfasími: 562 3068
postur@mrn.stjr.is
www.menntamalaraduneyti.is

Foreldraráð Mýrarhúsaskóla
Þorsteinn Magnússon, formaður
Sævargörðum 8
170 SELTJARNARNESI

Reykjavík 16. febrúar 2004
Tilvísun: MMR04010866/8.10/VÁ/--

Vísað er til bréfs yðar, dags. 27. október sl., þar sem óskað er eftir úrskurði ráðuneytisins um valdsvið foreldraráðs í grunnskóla. Fram kemur í bréfinu að hinn 8. október sl. hafi bæjarstjórn Seltjarnarness samþykkt að grunnskólar Seltjarnarness verði frá og með skólaárinu 2004-2005 gerðir að sameiginlegri fag- og rekstrareiningu er lúti stjórn eins skólastjóra í stað tveggja eins og nú sé. Af efni greinargerðar þeirrar er fylgdi tillöggunni megi ætla að fyrirhuguð breyting muni hafa áhrif á skólalald og starfsemi grunnskólanna á Seltjarnarnesi.

Í bréfinu segir að foreldraráðum grunnskólanna á Seltjarnarnesi hafi ekki verið kynnt tillagan né hafi þeim verið gefinn kostur á því að tjá sig um tillöguna áður en hún hafi verið samþykkt þar sem bæjarstjórn leitaði ekki umsagnar þeirra. Þá hafi tillagan ekki farið fyrir skólanefnd Seltjarnarness og því hafi áheyrnarfulltrúar foreldra á fundum skólanefndar ekki átt kost á því að tjá sig um málið á þeim vettvangi.

Þá segir í bréfinu að tvö álit sem menntamálaráðuneytið hafi gefið út um málefni foreldraráða, hið fyrra frá því í apríl 1996 sem nefndist „umsagnarréttur foreldraráða“ og hið síðara frá því í febrúar 1997 sem nefnist „valdsvið foreldraráða við grunnskóla“ sem og greinargerð sú er fylgdi frumvarpi til laga um grunnskóla frá 1994 taki ekki á ótvíræðan hátt á því hvort að sveitarstjórn beri að leita umsagnar hlutaðeigandi foreldraráða í máli sem þessu þegar um sé að ræða áætlanir sem leiði til breytinga á skólalaldi og starfsemi skólanna.

Að lokum segir í bréfinu að með vísan til þess að í áðurgreindu áliti menntamálaráðuneytisins frá því í febrúar 1997 sé jafnframt gert ráð fyrir því að foreldraráð geti sinnt eftirlitshlutverki með starfsemi skóla með því að koma ábendingum til æðra stjórnvalds, sem í þessu tilviki sé menntamálaráðuneytið, sé með bréfi þessu óskað úrskurðar ráðuneytisins um það hvort bæjarstjórn hafi borið að leita umsagnar foreldraráða áður en hún gerði samþykkt sína hinn 8. október sl. Slíkur úrskurður sé nauðsynlegur til að skýra enn frekar valdsvið foreldraráða við grunnskóla.

Vegna óskar yðar um úrskurð ráðuneytisins um valdsvið foreldraráða í grunnskóla skal bent á að 1. gr. grunnskólalaga nr. 66/1995 kveður á um skyldu sveitarfélaga til að halda skóla fyrir öll börn á aldrinum 6 til 16 ára eftir því sem nánar segir í lögnum. Skv. 10. gr. laganna er allur rekstur almennra grunnskóla á ábyrgð og kostnað sveitarfélaga og 2. mgr. 12. gr. laganna kveður á um að skólanefnd skuli sjá um að öll skólaskyld börn í skólahverfinu njóti lögboðinnar fræðslu. Hún skal staðfesta áætlun um starfstíma nemenda ár hvert og fylgjast með framkvæmd náms og kennslu í skólahverfinu.

Skv. 11. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 nefnist yfirstjórn hvers sveitarfélags sveitarstjórn. Heimilt er sveitarstjórn að nota heitið hreppsnefnd eða bæjarstjórn, enda byggi slík málnotkun á hefð. Sveitarstjórn kýs síðan fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir, þar með taldar skólanefndir, eftir því sem fyrir er mælt í lögum. Sveitarfélögum er tryggður viss sjálfstjórnarréttur í 78. gr. stjórnarskrárinnar. Af reglunni um sjálfstjórn sveitarfélaga leiðir að stjórnvaldsákvörðun sveitarfélags eða aðrar ákvarðanir sem teknar eru af sveitarstjórn tengdar rekstri grunnskólans sæta ekki kærnu til ráðherra nema fyrir hendi sé lagaheimild til þess. Í grunnskólalögum er ekki að finna kærueimild til ráðuneytisins vegna ákvarðana sveitarstjórna eða skólanefnda tengdum valdsviði foreldraráða í grunnskóla. Því ber að vísa frá ósk yðar um slíkan úrskurð.

Í ljósi framangreinds erindis foreldraráðs Mýrarhúsaskóla telur ráðuneytið þó rétt að veita almennar leiðbeiningar um umsagnarrétt foreldraráða skv. grunnskólalögum.


Skv. 1. mgr. 16. gr. skal við hvern grunnskóla starfa foreldraráð og er skólastjóri ábyrgur fyrir stofnun þess. Skv. 3. mgr. sömu greinar fjallar foreldraráð um og gefur umsögn til skólans og skólanefndar um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða skólalaldið, fylgist með að áætlanir séu kynntar foreldrum, svo og með framkvæmd þeirra. Um framangreint ákvæði segir í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að grunnskólalögum nr. 66/1995 að með foreldraráðum sé verið að mynda formlegan vettvang til að koma sjónarmiðum foreldra varðandi innihald og áherslur í starfi skólans og skipulagi skólalalds á framfæri við stjórn skólans. Foreldraráði er ætlað að fylgjast með skólanámskrá og öðrum áætlunum um skólalald. Foreldraráð skal fá áætlanir um skólalald til umsagnar í tæka tíð til að hægt sé að taka athugasemdir þess til greina. Hér er átt við t.d. áform um skólabyggingar, viðhald og aðrar framkvæmdir, búnað skóla og skólaakstur. Gert er ráð fyrir að í skólanámskrá sé fjallað um atriði sem varða innra starf skóla, svo sem skipulag náms og kennslu, skólareglur, öryggismál, skólatíma, skóladagatal, námsmat, mat á skólastarfi, endurmenntun kennara, félagslíf í skólanum og annað sem varðar starfsemi skólans. Foreldraráð á að hlutast til um að skólanámskráin sé kynnt öllum foreldrum við skólann og að áætlunum hennar sé framfylgt. Skólastjóra er skylt að veita foreldraráði upplýsingar um skólastarfið og niðurstöður mats á starfi skólans. Gert er ráð fyrir að kosning í foreldraráð sé til tveggja ára í senn. Um val fulltrúa foreldra í foreldraráð fer eftir ákvörðun foreldrahópsins í hverjum skóla.

Eins og áður segir er tilgangur með foreldraráðum skv. grunnskólalögum að mynda formlegan vettvang til að koma sjónarmiðum foreldra varðandi innihald og áherslur í starfi skólans og skipulagi skólalalds á framfæri við stjórn skólans. Foreldraráði er þannig ætlað að fylgjast með skólanámskrá og öðrum áætlunum um skólalald. Mikilvægt er í þessu sambandi að gera greinarmun á hlutverki og umsagnarrétti foreldraráða skv. grunnskólalögum um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða skólalaldið í viðkomandi skóla og hlutverki bæjar- og sveitarstjóra sem marka heildarstefnu fyrir rekstur sveitarfélaga og hvernig skipulag hinna lögbundnu verkefna þeirra skuli háttað. Þannig mælir 11. gr. grunnskólalaga á um að


skólahverfi sé sú eining sem standi að einum grunnskóla eða fleirum. Sveitarfélög geti sameinast um rekstur grunnskóla og myndi þá eitt skólahverfi. Sveitarfélag, sem reki tvo eða fleiri grunnskóla, teljist eitt skólahverfi. Þó sé heimilt að skipta sveitarfélagi í fleiri skólahverfi samkvæmt nánari ákvörðun sveitarstjórnar.

Ljóst er skv. framangreindu ákvæði grunnskólalaga að ákvörðunarvald um skipulag skólahverfa liggur hjá sveitarstjórnnum og þar er ekki gert ráð fyrir aðkomu eða umsagnarrétti foreldraráða að ákvörðunum þeim tengdum. Þannig verður ekki af grunnskólalögum ráðið að það sé lögbundin skylda sveitarstjórna að leita umsagnar foreldraráða grunnskóla áður en ákvörðun er tekin um breytingar á borð við þá að sameina rekstur eins eða fleiri grunnskóla. Aðkoma og umsagnarréttur foreldráða skv. grunnskólalögum verður hins vegar virkur við framkvæmd skólahalds í sameinuðum grunnskóla í tengslum við gerð skólanámskrár og gerð annarra áætlana sem varða skólahaldið.

Ráðuneytið áréttar að gildandi grunnskólalög gera ráð fyrir mikilvægu hlutverki foreldraráða við framkvæmd skólahalds, en einnig er óhjákvæmilegt að taka mið af því að ábyrgð á rekstri og framkvæmd grunnskólans liggur hjá bæjar- eða sveitarstjórnnum skv. grunnskólalögum.



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir



Guðmundur Árnason